



Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum  
Helga Kristín Kolbeins, skólameistari  
Dalavegi 2  
900 VESTMANNAEYJUM

MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 4 101 Reykjavík  
sími: 545 9500 postur@mrn.is  
menntamalaraduneyti.is

Reykjavík 25. mars 2019  
Tilv.: MMR18090252/3.1

Með tilkomu laga um opinber fjármál nr. 123/2015 er tilefni til að endurskoða árangursstjórnunarferlið í heild sinni. Fjárveitingabréfið er, á grundvelli 28. gr. laganna, liður í því og er viðbúið að framsetning og efni bréfsins taki einhverjum breytingum er fram líða stundir.

Fjárveitingabréfinu er ætlað að veita **yfirsýn** yfir **tengingar** milli:

- Stefnu málefnasviðs/málaflokks í fjármálaáætlun,
- fjárveitinga til ríkisaðila, sbr. fjárlög og
- framkvæmdar, sbr. stefnumiðaða áætlun ríkisaðila í A-hluta fyrir þrjú ár.

Fjárveitingabréfið upplýsir **formlega** um staðfestingu á stefnumiðaðri áætlun ríkisaðila í A-hluta til næstu þriggja ára, sbr. 31. gr. laganna, og samþykki á ársáætlun, sbr. 32. gr. laganna.

**1. Markmið og áherslur málefnasviðs og/eða málaflokks**

Starfsemi **Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum** fellur undir **málefnasvið 20 og málaflokk 20.1**. Í gildandi fjármálaáætlun eru framtíðarsýn og meginmarkmið sett fram fyrir málefnasviðið en markmið, mælikvarðar og aðgerðir sem vinna skal að á tímabili áætlunarinnar koma fram undir málaflokknum.

**Framtíðarsýn** er að fleiri einstaklingar verði ábyrgir borgarar í lýðræðisþjóðfélagi þar sem menntunarstig er hátt og kalli atvinnulífs fyrir sérhæft starfsfólk er svarað.

**Meginmarkmið** er að brautskráðir nemendur úr framhaldsskólum landsins verði virkir þátttakendur í samfélaginu, vel undirbúnir fyrir þátttöku á vinnumarkaði og fræðilegt og starfstengt framhaldsnám.

**Markmið málaflokksins** hafa víðtæka tengingu við áherslur í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar og styðja jafnframt við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna:

1. Fleiri nemendur ljúki prófi úr framhaldsskóla á tilskildum tíma.
2. Nemendur í öllum landshlutum hafi aðgengi að fjölbreyttu bók- og starfsnámi sem uppfyllir kröfur næsta skólastigs og/eða atvinnulífs.
3. Nemendum bjóðist heildstætt og markvisst starfsnám.

## 2. Stefnumiðuð áætlun ríkisaðila

Stefnumiðuð Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum, er staðfest. Hún er í samræmi við gildandi stefnu yfirvalda fyrir það/páu málefna svið/málaflokk sem við á og innan fjárveitinga til aðila.

Mælanleg og aðgerðabundin markmið fyrir kjarnastarfsemi á árunum 2019-2021 eru:

1. Minnka brotthvarf nemenda um 10%
2. Efla gæði bók- og starfsnáms.
3. Allar kenndar brautir séu staðfestar skv. aðalnámskrá 2011.

## 3. Fjárveitingar samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2019

Að teknu tilliti til neðangreinds er ársáætlun Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum fyrir rekstrarárið 2019 samþykkt.

Útgjaldarammi aðila er 388,3 m.kr. skv. fjárlögum 2019.

Fjárveitingar 2019	Laun	Önnur gjöld	Eigna-kaup	Til-færslur	Gjöld	Tekjur	Greitt úr ríkissjóði
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	284,6	84,4	19,3		388,3	-8,9	379,4
V 101 - Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	284,6	84,4			369,0	-8,9	360,1
V 601 - Taki og búnaður			19,3		19,3		19,3

Breytingar frá fjárlögum 2018 vegna aðila eru eftirfarandi:

Breytingar í fjárlögum 2019	Laun	Önnur gjöld	Eigna-kaup	Til-færslur	Gjöld	Tekjur	Fjárhæð
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	1,5	24,0	10,2		35,7	3,4	39,1
III V 101	1,5	24,0	-9,1		16,4	3,4	19,8
Breyting á hagrænni skiptingu af rekstri á fjárfestingu			-19,3		-19,3		-19,3
Breytt tegundaskipting vegna rekstrarfjárfestingar	-7,5	-2,0	9,5				
Launa- og verðlagsbætur	10,6	2,1	0,7		13,4	-0,3	13,1
Framlag samkvæmt reiknilíkani	0,4	0,1			0,5		0,5
Leiðrétting á rekstrarumfangi sem fjármagnað er með sértekjum	-2,0				-2,0	2,0	
Innlaiðing á markaðsleigu stofnana hjá Ríkiseignum		23,8			23,8		23,8
Lagsbreyting á gjaldtökuheimild efnisgjalda						1,7	1,7
III V 601			19,3		19,3		19,3
Breyting á hagrænni skiptingu af rekstri á fjárfestingu			19,3		19,3		19,3
Breytingar samtals:	1,5	24,0	10,2		35,7	3,4	39,1

Samkvæmt 32. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 skal ríkisaðili skila ársáætlun sem sýnir ráðstöfun fjárveitinga samkvæmt fylgiriti með fjárlögum og áætlaða dreifingu útgjalda og tekna innan ársins. Ársáætlun skal vera innan ramma fjárveitinga rekstrarársins að teknu tilliti til höfuðstóls fyrra árs. Miðað er við útkomuspá ársins 2018 skv. innsendri áætlun í AKRA-kerfinu þegar þetta bréf er ritað. Stofnun verður upplýst um hvaða fjárhæð verður flutt frá fyrra ári þegar endanlegar tölur ríkisreiknings vegna ársins 2018 liggja fyrir.

Ráðuneytið minnir á að launabætur reiknast á launafjárheimild fjárlaga sbr. tegundaskiptingu hér að framan, en ekki fjárhæð á launalið ársáætlunar. Mikilvægt er að tryggja að tegundaskipting í fjárlögum sé í samræmi við ársáætlun og rauntölur. Ef um teljandi frávik er að ræða er óskað eftir að stofnun vekji athygli á því og sendi ráðuneytinu rökstuddar tillögur að breytingum sem stuðst verður við í fjárlagagerð 2020. Þessar upplýsingar þurfa að berast ráðuneytinu fyrir 15. maí 2019.

Samskipti, skýrslugjöf og eftirfylgni		
Mánuðir	Ráðuneyti	Stofnun
Janúar	Yfirfer innsenda tekjuáætlun 2019-2021 vegna endurskoðunar á fjármálaáætlun 2020-2024.	Sendir endurskoðaða tekjuáætlun fyrir <b>22. janúar</b> – ef talin er þörf á því vegna breytinga á áætluðum tekjum frá innsendri þriggja ára áætlun.  Tilkynnir ástæður frávíka í innsendri áætlun 2019 og hvernig fyrirhugað er að bregðast við þeim, fyrir <b>22. janúar</b> , –ef veruleg frávik verða frá áætlaðri áramótasstöðu miðað við bókhald ársins 2018.  Skilar upplýsingum um fjölda ársnemar síðastliðins árs, auk fjölda brautskráninga. (Ef við á).
Febrúar	Vinnur lokaafkomuskýrslu fyrir fjármála- og efnahagsráðuneytið og fjárlaganefnd.	
Mars	Kallar eftir fjárlagatillögum fyrir árið 2020 (sbr. 22. gr. LOF). Kallar í mars eftir upplýsingum s.s. um nemendafjölda og einingar yfirstandandi skólaárs eftir námsbrautum og verðflokkum í reiknilíkani.	Skilar ársskýrslu/skólaskýrslu fyrir <b>1. apríl</b> (*sjá nánari lýsingu hér að neðan).
Apríl	Heldur sameiginlegan fund með skólum sem bjóða upp heildstætt fjölbreytt nám á framhaldsskólastigi.	Sendir skýringar á frávikum frá áætlun og hvernig fyrirhugað er að bregðast við þeim, fyrir <b>22. apríl</b> , – ef veruleg frávik eru á áætlaðri stöðu miðað við bókhald fyrsta ársfjórðungs. Skila fjárlagatillögum fyrir 20. apríl fyrir árið 2020 (sbr. 22. gr. LOF).
Mái		Upplýsir ef breyta þarf hagrænni skiptingu fjárveitinga og/eða fjárfestingarframlagi fyrir árið 2020, fyrir <b>15. maí</b> .
Júní	Birtir ársskýrslu ráðherra <b>1. júní</b> .  Í kjölfar samþykktar Alþingis á fjármálaætlun 2020-2024: Upplýsir um meginforsendur fyrir fjárveitingar komandi árs – ef um verulegar breytingar er að ræða, eftir því sem vinnu við skiptingu fjárheimilda málaflokka miðar fram.	Hefur vinnu við stefnumiðaða áætlun 2020-2022 (stefnuskjal), í kjölfar samþykktar Alþingis á fjármálaáætlun.
Júlí		Sendir skýringar á frávikum frá áætlun og hvernig fyrirhugað er að bregðast við þeim, fyrir <b>22. júlí</b> , – ef veruleg frávik eru á áætlaðri stöðu miðað við bókhald annars ársfjórðungs.
	Kallar eftir innritunar- og nemendatölum	Upplýsir ef breyta þarf fjárfestingarframlagi

#### 4. Almennar áherslur í ríkisrekstri

##### a. Loftslagsmál

- efla vistvænan rekstur ríkisins með því að innleiða græn skref í starfsemi ríkisaðila eða taka viðbótarskref á árinu 2019.

##### b. Betri og skilvirkari opinber þjónusta

- auka framboð stafrænnar þjónustu og bjóða upp á aukin tækifæri til sjálfsafgreiðslu í samskiptum við stofnanir ríkisins með áherslu á nýtingu miðlægrar þjónustugáttar,
- nýta stafrænt pósthólf á Ísland.is þar sem opinberir aðilar birta skjöl í sameiginlegu pósthólfi í stað bréfpósts,
- halda áfram að vinna að nýsköpunarverkefnum með þarfir notenda og umbætur að leiðarljósi ásamt því að meta árangur nýsköpunarverkefna og deila reynslu með öðrum.

##### c. Betri nýting sameiginlegra innviða og aukinn samrekstur

- auka samstarf og samrekstur á sviði fjármála, mannauðsmála og stoðþjónustu m.a. með sameiginlegum innkaupum ríkisstofnana á tiltekinni vöru og þjónustu,
- nýta tækifæri sem felast í samræmdu tækniuverfi til hagræðingar og bættrar þjónustu m.a. með hagnýtingu Microsoft samnings ríkisins og samræmds tækniarkitektúrs,
- nýta tækifæri til þess að skapa nútímalegt og sveigjanlegt vinnuumhverfi.

##### d. Mannauðsmál

- þróa mannauð í samræmi við þarfir ríkisins til framtíðar og huga að nýjum hæfnikröfum til opinberra starfsmanna við nýráðningar og endurmenntun.

##### e. Markviss árangursstjórnun

- tengja stefnumótun til þriggja ára við áherslur málefnasviða og málaflokka í fjármálaáætlun.

#### 5. Framkvæmd laga um opinber fjármál

Ársáætlun skal sýna ráðstöfun fjárveitinga samkvæmt fylgiriti með fjárlögum og áætluð rekstargjöld, tekjur og fjárfestingu. Bókhald ríkisaðila er fært með þeim hætti að það gefi rétta mynd af stöðu stofnunar á hverjum tíma. Ef veruleg frávik verða frá ársáætlun innan rekstrarársins hvílir sú skylda á forstöðumanni að tilkynna ráðuneytinu án tafar ástæður þeirra frávik og hvernig fyrirhugað er að bregðast við þeim.

Áherslur í starfsemi stofnunar, m.a. eins og þær birtast í stefnumiðaðri áætlun til þriggja ára, skulu vera í samræmi við stefnu í þeim málaflokki sem stofnunin heyrir undir, sbr. greinargerð með fjármálaáætlun. Mælikvarðar sem lagðir eru til grundvallar mati á árangri í starfsemi skulu byggja á grunduðum gögnum og viðmið vera raunhæf. Samanlagður kostnaður við aðgerðir rúmast innan fjárveitinga. Ef útlit er fyrir að ófyrirséðar breytingar hafi veruleg áhrif á þróun starfseminnar skal án tafar gera ráðuneytinu viðvart.

Forstöðumaður ber ábyrgð gagnvart ráðherra á að starfsemin skili tilætluðum árangri og að rekstur og afkoma sé í samræmi við fjárveitingar og áætlanir sem samþykktar hafa verið.

#### 6. Samskipti ráðuneytis og ríkisaðila, skýrslugjöf og eftirfylgni

Ráðuneytið leggur áherslu á uppbyggileg og góð samskipti við framkvæmd laga um opinber fjármál. Innleiðing og framkvæmd laganna er ferli stöðugra umbóta.

Næstu skref eru undirbúningur fjármálaáætlunar 2020-2024 sem leggur línurnar fyrir þriggja ára stefnumiðaðar áætlanir ríkisaðila 2020-2022 og fjárlög 2020. Gert er ráð fyrir fundum ráðuneytisins með hverri stofnun a.m.k. einu sinni á árinu 2019. Þar fyrir utan verði fundir ef þörf krefur, t.d. vegna stefnumótunar málefnasviðs og málaflokka í fjármálaáætlun, yfirferðar á markmiðum og mælingum

<b>Ágúst</b>	fyrir yfirstandandi haustönn.	ársins 2019, <b>fyrir 15. ágúst</b> Sendir inn sjálfsmatsskýrslu/innra matsskýrslu fyrir 1. september..
<b>Septem ber</b>	Kallar eftir ársáætlun, stefnumiðaðri áætlun (stefnuskjal) 2020-2022.  Heldur árlegan fund með skólanum í lok september eða byrjun október.	
<b>Október</b>	Reiknar árlegt brotthvarf úr framhaldsskóla og tilfærslu nemenda milli framhaldsskóla miðað við 1. október.	Í kjölfar framlagningar á fjárlagafrumvarpi 2020 ásamt fylgiriti og greinargerð: Skilar ársáætlun 2020 og stefnumiðaðri áætlun 2020-2022 (stefnuskjali) og fjárlagatillögum fyrir árið 2021, <b>fyrir 15. október</b> .  Sendir skýringar á frávikum frá áætlun og hvernig fyrirhugað er að bregðast við þeim, <b>fyrir 22. október</b> , – ef veruleg frávik eru á áætlaðri stöðu miðað við bókhald þriðja ársfjórðungs.
<b>Nóvember</b>	Heldur sameiginlegan fund með skólum sem bjóða upp heildstætt fjölbreytt nám á framhaldsskólastigi. Yfirfer innsenda ársáætlun 2020 og stefnumiðaða áætlun (stefnuskjal) og samþykkir/staðfestir með fyrirvara um breytingar Alþingis á fjárlagafrumvarpi, fylgiriti og/eða greinargerð. Endanleg fjárveiting til stofnunar mun liggja fyrir innan tveggja vikna frá samþykki fjárlaga.	Sendir endurskoðaða ársáætlun 2020 til samþykktar – ef breytingar verða á fjárveitingu í meðföllum Alþingis.
<b>Desember</b>	Samþykkir ársáætlun og staðfestir stefnumiðaða áætlun (stefnuskjal) með fjárveitingabréfi, enda séu kröfur uppfylltar.	Færir ársáætlun 2020 í Oracle fyrir 31. desember.

\*Stofnunin skilar ýmsum upplýsingum yfir árið til undirbúnings og/eða eftirfylgni með áætlunum og fjárlögum. Gert er ráð fyrir því að hún skili ársskýrslu fyrir árið 2018 til ráðuneytisins fyrir **1. apríl 2019**. Í skýrslunni skal gera grein fyrir eftirfarandi þáttum:

- Árangri af markmiðasetningu í stefnumiðaðri áætlun 2019-2021 (stefnuskjali): Stöðu árangursmælikvarða.
- Framvindu og ávinningi af áhersluverkefnum.
- Fjárhagslegri afkomu: Ársreikningur.
- Almennri starfsemi: kjarnastarfsemi og rekstrarþáttum og öðrum áherslum.

Fyrir hönd ráðherra

  
Hellen Gunnarsdóttir

  
Íva Sigrún Björnsdóttir